

# Fundargerð

Fundur með þeim sem nýta Þjórsárdal fyrir hestaferðir

Fjarfundur haldinn á Teams 16. mars kl: 10:00

## Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ásta Hermansdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Evalía Kolbrún Ágústsdóttir, bachelor nemi
- ✓ Þórður Freyr Gestsson, fulltrúi Íslandshesta

## Dagskrá:

1. Samráð – af hverju er þessi fundur hér í dag?
  2. Stjórnunar- og verndaráætlun – auglýsing um friðlýsingu.
  3. Kort sem hafa verið unnið á vegum sveitarfélags í tengslum við skipulag svæðisins.
  4. Aðrar umræður.
  5. Næstu skref.
- 
1. Hákon fór yfir hvernig samráði er háttað og af hverju við erum stödd hér í dag á sérstökum fundi í kjölfar hagsmunaaðilagreiningu.
  2. Þórdís fór yfir gerð áætlunarinnar og ferli vinnunnar. Einnig fór hún yfir auglýsingu um friðlýsing svæðisins og þann kafla sem fjallar um ferð og dvöl, þ.m.t. hestaumferð. Í 15. gr. auglýsingarinnar segir: „*Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á merktum reiðleiðum og vegum. Sé nauðsynlegt að setja upp aðhald eða næturhólf fyrir hross skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur og að höfðu samráði við landvörð eða umsjónaraðila svæðisins. Notkun hesta við smölun er heimil, sbr.3. mgr.*“
  3. Hákon fer yfir kort frá sveitarfélagi um göngu- reið- og hjólaleiðir og hópurrinn sammála því að hægt sé að nýta kortið og senda á hestamenn og við vinnum svo áfram með kortið í kjölfarið. Hákon útskýrði að það þarf að merkja inn allar reiðleiðir og áningarhólf og ef það eru einhverjar óskir um fleiri áningarhólf inná svæðinu.
  4. Umræður
    - a. Leiðin upp að Háafoss, útivistarskipulag sveitarfélagsins nær út fyrir friðlýsta svæðið, en er að stórum hluta innan þess, talað var um mikilvægi þess að samræma skipulag Umhverfisstofnunar við skipulag sveitarfélagsins.
    - b. Svæðið í kringum Stöng, eins og staðan er núna þarf að fara þar í gegn til að komast áleiðis að Gjánni og áfram í Hólaskóg, þessi leið er torfær á köflum, sérstaklega umtöluð brekka. Þá var einnig rætt um gerðið við Stöng sem er ekki innan girðingar. Það sem er vandamál er að þegar verið er að fara með stóð í gegnum hliði og upp fyrir

brekkuna þá þvælast hestarnir inn á milli trjánna . Hópurinn sammála um að það þarf að finna lausn þarna, til dæmis væri hægt að setja ramp þarna í gegn. Brekkan þar sem hrossin þvælast upp, það er erfitt að halda hrossunum á veginum, þyrfti að lagfæra.

- c. Minjastofnun þarf að koma að skipulagi hjá Stöng.
- d. Umræður um að vegurinn frá Stöng að Gjúppi er ekki hentug reiðleið vegna þess hversu stórgrýtt þar er
- e. Á reiðleiðum þurfa að vera áningahólf með reglulegu millibili.
- f. Rætt um rekstur – Rekstur hesta er á svæðinu við Stöng þegar hópar eru á leið í Hólaskóg eða Landmannalaugar. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að reka hesta um svæðið og koma upp girðingum til stýringar.
- g. Spurning hvort það sé hægt að finna betri leið, á þessu svæði fer ekki saman, rekstur hesta og mikil umferð fólks þar sem þetta er að verða mjög vinsælt ferðamannasvæði. Spurning hvort hestamenn skoði möguleika á breytingu þarna. Rætt um að hittast á svæðinu í sumar og skoðum aðstæður. Mikilvægt er fyrir þá sem bjóða upp á ferðir fyrir erlenda ferðamenn að hafa Stöng sem hluta af ferðinni vegna sögu staðarins.

#### Næstu skref:

- Þórdís sendir reiðleiðakort á Þórð og hann skoðar kortið og möguleg áningahólf.
- Ákveðið var að fulltrúar Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar og fulltrúar þeirra sem nýta svæðið í hestaferðir fari í vettvangsferð í sumar og skoða aðstæður þar sem á svæðinu við Stöng fer illa saman rekstur hesta og mikil umferð fólks, þar sem á svæðinu fer ferðamönnum fjölgandi.